

42

16. marz

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 5. lið í 48. kafla tollskrárinnar kemur nýr liður, sem verður 5 a (en liður sá í tollskránni, sem nú er undir 5 a, verði 5 b), svo hljóðandi:

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
Baðmullargarn .....	1 kg	7	5

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

*Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1951.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

43

16. marz

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 43 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri.

## 2. gr.

Af láni því, er um ræðir í 1. gr., er heimilt að verja allt að 25 millj. kr. til greiðslu eftirstöðva af kostnaðarverði þeirra 10 togara, sem ríkisstjórnin á í smíðum í Bretlandi, allt að 15 milljónum króna til þess að lána Búnaðarbanka Íslands með sömu kjörum og lánið verður tekið og allt að 3 millj. króna til stofnunar iðnaðarbanka eða til iðnlánasjóðs, enda komi jafnhátt framlag annars staðar að.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 3. gr.

*Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1951.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*